

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands 2002

Ályktun um atvinnu- og byggðamál

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands bendir á mikilvægi virkrar atvinnu- og byggðastefnu, sem hefur það að markmiði að tryggja öllu fólki í landinu góð lífskjör. Starfsgreinasambandið hefur lýst sig reiðubúið til að koma að þessari stefnumótun og skorar á stjórnvöld og aðra þá sem málið varðar að koma til samstarfs um þetta mikilvæga verkefni.

Virk atvinnu- og byggðastefna þarf að mati Starfsgreinasambandsins að byggja á fullri atvinnu, góðum starfskjörum, fjölskyldulífi, öfluglu menntakerfi og góðu aðgengi að traustri heilsugæslu. Styðja þarf við hverskonar starfsemi sem bætir og auðgar mannlíf og menningu. Öll þessi skilyrði þarf að uppfylla án tillits til búsetu.

Ársfundur Starfsgreinasambandsins leggur áherslu á að spyrna verður gegn hratt vaxandi atvinnuleysi. Starfsgreinasambandið hafnar hugtakinu hæfilegt atvinnuleysi, sem Seðlabanki Íslands hefur haldið á lofti á síðustu vikum og mánuðum. Þá er ljóst að lágar atvinnuleysistölur að meðaltali á landsvísu, gefa ekki alltaf rétta mynd af aðstæðum í einstökum byggðarlögum, en staða atvinnulífs í mörgum byggðum þessa lands hefur verið óviðunandi á síðustu árum.

Starfsgreinasambandið bendir á að sú þensla sem ríkt hefur í íslensku atvinnulífi á síðustu árum hefur ekki náð til allra landshluta. Fólksflótti af landsbyggðinni hefur skapað margþættan vanda sem bregðast þarf við. Stjórnvöld hafa með aðgerðarleysi sínu í byggðamálum í raun ýtt undir þessa þróun. Starfsgreinasambandið leggur áherslu á að ekki þarf síður að styrkja hinar dreifðu byggðir en fáa byggðakjarna á landsbyggðinni.

SGS leggur áherslu á:

- Að markvisst verði unnið að því að gera landsbyggðina að áhugaverðum kosti, þegar kemur að uppbyggingu nýrra atvinnu- og þjónustugreina, bæði í augum einkafyrirtækja og opinberra aðila.
- Að samgöngur verði bættar, þannig að vegalengdir komi ekki í veg fyrir að öflugir þjónustukjarnar verði til.
- Að ein megin forsenda fyrir áframhaldandi byggð sé aukin áhersla á fullvinnslu hráefnis og atvinnusköpun, jafnvel þannig að afnotaréttur að auðlindum sé að einhverju leyti skilyrtur. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar unnið er að undirbúningi samninga við erlenda aðila um orkufrekan iðnað. SGS leggur áherslu á að í samningum við þessa aðila verði sett ákvæði um fullvinnslu úr þeim afurðum sem þeir framleiða. Ennfremur þarf að standa vörð um fjölbreytni í atvinnugreinum.
- Að sköpuð verði sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið, sem felur það í sér að skila til baka til þjóðarinnar yfirráðaréttinum yfir auðlindinni. Þannig yrði snúið við þeirri óeðlilegu eignatilfærslu með tilheyrandi búseturöskun, sem orðið hefur á síðustu áratugum.
- Að nýsköpun í atvinnulífi sem tengist frumatvinnuvegum landsmanna, verði eflað.
- Að aðilar í ferðaþjónustu leggi meiri áherslu á samvinnu, þannig að kynning og markaðssetning verði árangursríkari og tryggi þannig áframhaldandi uppbyggingu í greininni.
- Að sterkari stoðum verði skotið undir starfsemi atvinnuþróunarfélaga.
- Að aukinn verði stuðningur við símenntunarmiðstöðvar, sem eru mikilvægar í uppbyggingu á menntun launafólks um allt landið.

- Að unnið verði að því að auka þolinmæði fjárfesta og lánastofnanna vegna verkefna og nýsköpunar á landsbyggðinni. Mikilvægt er að styðja við uppbyggingu á landsbyggðinni með fjárfestingarstyrkjum og ódýru fjármagni.
- Að fjarkennsla verði gerð almennari og um leið ódýrari. Fjarnám er hagkvæmur kostur fyrir mörg byggðalög og tryggir að þeir sem vilji sækja sér aukna þekkingu þurfa ekki að flytjast búferlum.
- Að réttur einstaklinga til náms verði tryggður óháð búsetu og efnahag. Hið opinbera þarf í auknu mæli að koma til móts við kostnað heimila og einstaklinga vegna náms.
- Að komið verði í veg fyrir flutning starfa úr landi.
- Að Tryggingastofnun taki aukinn þátt í ferða- og dvalarkostnaði sjúklinga og aðstandenda vegna lækniþjónustu.
- Að auknar álögur á flutninga eru viðbótar skattur á fyrirtæki og einstaklinga á landsbyggðinni. Álögur hins opinbera á flutninga eru komnar langt út fyrir skynsamleg mörk og þurfa að lækka.
- Að auðlindir þessa lands séu nýttar á skynsamlegan máta. Mikilvægt er að nýta þá orku sem landsmenn búa að til uppbyggingar á samkeppnishæfum og arðbærum iðnaði og stóriðju á landsbyggðinni.